



Umsögn: Þingmál 144, breytingar á lögum um fjölmiðla.

Heyrnarhjálp styður eindregið framkomið frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 38/2011, en þar er fjölmiðlaveitum, sem miðla myndefni, gert skylt að láta ávallt fylgja texta á íslensku.

Textun myndefnis er eitt stærsta hagsmunamál heyrnarskerts fólks og forsenda þess að það geti fylgst með málefnum líðandi stundar og menningarviðburðum og er þar með grundvöllurinn að virkri þátttöku þess í íslensku þjóðfélagi.

Í ljósi mikilvægis viðfangsefnisins er afar brýnt að framkvæmdin heppnist vel og að um hana ríki almenn og jákvæð sátt.

Í þessu sambandi hefur Heyrnarhjálp áhyggjur af því að smærri fjölmiðlar hafi ekki fjárhagslega burði til að fylgjast með örri þekkingar- og tækniþróun né að innleiða þær lausnir sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skilyrði laganna.

Heyrnarhjálp leggur því áherslu á, að samhliða lagabreytingum-þessum verði gerðar ráðstafanir til að styðja við þróun og útbreiðslu textunar, en það mætti til dæmis gera með samningi við Máltæknisetur (<http://www.maltaeknisetur.is/>) um rannsóknir, prófun og miðlun lausna á sviði sjálfvirkrar textunar.

Reykjavík, 23. mars 2017

Virðingarfyllst f.h. stjórnar Heyrnarhjalpar

Kolbrún Stefánsdóttir,
Framkvæmdastjóri
S-8666444